

**MENNINGARSTEFNA**  
AKRANESS 2026 - 2031



Tilgangur **menningarstefnu Akraness** er að setja fram áherslur í málaflokknum og skapa jarðveg svo menningarlíf á Akranesi haldi áfram að blómstra og eflast.

Í stefnunni er lögð áhersla á:

- Að kaupstaðurinn móti umgjörð og veiti stuðning við menningarlíf.
- Að allir íbúar hafi tök á að standa fyrir og sækja fjölbreytta viðburði.
- Metnaðarfulla starfsemi menningarstofnana.
- Hvatningu til samstarfs í sem víðustum skilningi.
- Að styðja við inngildandi menningaruppeldi.



# Hlutverk og Gildissvið



Menningar- og safnastarfi Akraneskaupstaðar er ætlað það hlutverk að auðga líf íbúa og gesta. Starfið byggir á söfnun, uppbyggingu, varðveislu og miðlun menningarverðmæta og á því að skapa upplifun og þátttöku í samstarfi við samfélagið. Kaupstaðurinn sinnir þessu hlutverki með rekstri menningarstofnana, utanumhaldi menningartengdra viðburða og hátíðarhalda, sem og með stuðningi við skapandi einstaklinga, starfandi menningarfélög og aðra sem leggja sitt af mörkum til menningarlífsins. Jafnframt er lögð áhersla á að virkja fyrirtæki, stofnanir og samfélagið í heild til þátttöku og samvinnu.

Menningar- og safnamál heyra undir mennta- og menningarsvið Akraneskaupstaðar. Verkefnastjóri menningar- og safnamála starfar hjá kaupstaðnum og ber ábyrgð á daglegu faglegu utanumhaldi málaflokksins undir stjórn sviðsstjóra mennta- og menningarsviðs. Viðburðastjórar eru ráðnir ár hvert til að sjá um framkvæmd viðburða í samstarfi við verkefnastjóra og aðra viðeigandi aðila. Menningarstefna Akraness skal endurskoðuð á fimm ára fresti til að tryggja að hún endurspegli þarfir samfélagsins, þróun í menningarmálum og breyttar áherslur í starfsemi kaupstaðarins.

Á árunum 2025 og 2026 vann menningar- og safnanefnd að endurskoðun menningarstefnu Akraness frá árinu 2018. Helstu áherslur í endurskoðun voru samræming við aðrar stefnur Akraneskaupstaðar, svo sem heildarstefnu og menntastefnu.

# Megin markmið



1

## UMGJÖRÐ - STUÐNINGUR

Akraneskaupstaður móti umgjörð og veiti stuðning, í þeim tilgangi að sköpun og upplifun menningar og lista blómstri.

2

## LIFANDI SAMFÉLAG - ÞÁTTAKA

Akraneskaupstaður standi fyrir og styðji við viðburðahald sem er opið öllum.

3

## MENNINGARUPPELDI - SAMSTARF

Akraneskaupstaður vinni markvisst að inngildandi menningaruppeldi barna og ungmenna svo menning og listsköpun verði sjálfsagður og eðlilegur þáttur í lífi þeirra.

4

## METNAÐARFULL STARFSEMI

Akraneskaupstaður hlúi að helstu stoðum menningar í samfélaginu, standi vörð um listaverkæign, sögu og menningu kaupstaðarins og miðli henni til bæjarbúa.

# UMGJÖRÐ STUÐNINGUR



Akraneskaupstaður móti umgjörð og veiti stuðning,  
í þeim tilgangi að sköpun og upplifun menningar og lista blómstri.

## UNNIÐ VERÐUR AÐ ÞESSU MARKMIÐI MEÐ ÞVÍ AÐ:

- Útnefna Bæjarlistamann Akraness og veita menningarverðlaun Akraness árlega.
- Styrkja metnaðarfull menningarverkefni og viðburði að undangengnu umsóknarferli. Lögð sé áhersla á að styrkja fjölbreytt verkefni sem eru öllum opin, í samræmi við gildandi úthlutunarreglur.
- Veita aðstoð og ráðgjöf, meðal annars um leiðir við fjármögnun og sýnileika verkefna.
- Hafa fagmennsku að leiðarljósi við skipulag og umfjöllun menningarviðburða.
- Auka sýnileika starfandi menningarfélaga og skapandi einstaklinga sem búsettir eru á Akranesi.
- Þjóða tiltækar stofnanir kaupstaðarins fram til sýninga- og viðburðahalds.
- Eiga og varðveita listaverk eftir listamenn sem starfað hafa á Akranesi.
- Hvetja til og hafa frumkvæði að aukinni umfjöllun um menningarmál í fjölmiðlum.

# LIFANDI SAMFÉLAG ÞÁTTTAKA



*Akraneskaupstaður standi fyrir og styðji við viðburðahald sem er opið öllum.*

## UNNIÐ VERÐUR AÐ ÞESSU MARKMIÐI MEÐ ÞVÍ AÐ:

- Standa fyrir metnaðarfullum árlegum viðburðum og hátíðahöldum.
- Auka sýnileika á menningartengdu viðburðahaldi fyrir alla aldurshópa.
- Virkja drifkraft skapandi íbúa, menningarfélaga, grasrótar og fyrirtækja til að taka þátt í viðburðum og hátíðahöldum á vegum kaupstaðarins sem og standa fyrir viðburðum og námskeiðum.
- Gera listum og menningararfi listamanna af svæðinu jafnan hátt undir höfði þegar kemur að sýninga- og viðburðahaldi.
- Stuðla að fjölbreyttum list- og menningarviðburðum sem eru öllum opnir.
- Hvetja íbúa til að upplifa og taka þátt í listum og menningu.

# MENNINGARLEGT UPPELDI SAMSTARF



*Akraneskaupstaður vinni markvisst að inngildandi menningaruppeldi barna og ungmenna svo menning og listsköpun verði sjálfsagður og eðlilegur þáttur í lífi allra barna óháð bakgrunni, getu eða menningu.*

## UNNIÐ VERÐUR AÐ ÞESSU MARKMIÐI MEÐ ÞVÍ AÐ:

- Hvetja stofnanir kaupstaðarins til menningartengds viðburðahalds og sýninga með fjölbreytt listform að viðfangsefni, þar sem börn, ungmenni og fjölskyldur eru í fyrirrúmi.
- Styðja sérstaklega við barnamenningu m.a. með því að standa fyrir barnamenningarhátíð reglulega og miðla upplýsingum til menntastofnanna um áhugaverð menningarverkefni á landsvísu.
- Styðja við aðila sem vilja koma í framkvæmd verkefnum sem tengjast menningu og listmenntun fyrir börn og ungmenni.
- Gera menningu og listir að mikilvægum þætti í skólastarfi ásamt því að styðja við menningar- og listuppeldi barna og ungmenna.
- Hvetja til samstarfs í menningartengdum verkefnum í sem víðustum skilningi, meðal annars með reglubundnum skólaheimsóknnum allra skólastiga í menningarstofnanir kaupstaðarins.
- Niðurgreiða þátttöku barna og ungmenna í listtengdu námi sem fellur undir reglur kaupstaðarins um tómstundaframlag.

## METNAÐARFULL STARFSEMI



*Akraneskaupstaður hlúi að helstu stoðum menningar í samfélaginu, standi vörð um listaverkæign, sögu og menningu kaupstaðarins og miðli henni til bæjarbúa.*

### UNNIÐ VERÐUR AÐ ÞESSU MARKMIÐI MEÐ ÞVÍ AÐ:

- Hvetja menningarstofnanir kaupstaðarins til að gegna fjölpættum hlutverkum sínum af jákvæðni, víðsýni og metnaði fyrir öll.
- Veita bæjarbúum framúrskarandi bókasafns- og upplýsingaþjónustu og efla þjónustuhlutverk og menningarstarfsemi á bókasafni.
- Sýna listaverk úr listaverkæign í stofnunum kaupstaðarins og á stafrænum miðlum.
- Stuðla að varðveislu menningararfleifðar og halda sögu, menningu og minjum bæjarins á lofti á lifandi og framsækinn hátt.
- Varðveita og viðhalda útilistaverkum í eigu kaupstaðarins og gera þeim hátt undir höfði.